

TAG- Third age guidance

Eldra fólk verður fyrir mismunun á vinnumarkaði á þann hátt, að ef það missir vinnuna eru möguleikar þess á að komast í annað starf litlir, og því lengri tími sem líður frá því að einstaklingur hefur verið á vinnumarkaðinum því erfiðara reynist það fyrir hann að komast aftur inn á vinnumarkaðinn. Jafnvel þótt eldra fólk búi yfir réttri verkunnáttu og hefur þá þekkingu, sem þarf til starfsins, þá er slík starfshæfni ekki ætíð virt að verðleikum.

Einnig verða þeir sem eru starfandi fyrir mismunun. Það eru ekki miklar líkur á því að þeim bjóðist áframhaldandi viðbótarstarfsþjálfun eða að þeir séu hvattir til að þróa áfram starfsferil sinn, sér í lagi ef núverandi þekking og starfskunnátta þeirra er ekki á hæsta stigi. Á þennan hátt er þessi hópur í meiri hættu á því að verða sagt upp störfum undir því yfirskeyni að þeir geti farið á eftirlaun fyrir tímamann, nú á þessum tímum örrar tækniþróunar.

Þeim sem sinna verkamannsstörfum er hættara við veikindum og meiðslum, sem hefur í för með sér að þeir þurfa að hverfa af vinnumarkaði fyrir en ella. Eldri starfsmenn myndu til dæmis hafa hag af því að öðlast þekkingu á því hvernig á, að setja fram og rökstyðja með skýrum hætti ástæður þess að þeir ættu að fara í frekara starfsnám/starfsþjálfun, að fara í frekara nám á eigin vegum, að breyta um starfsvettvang, að breyta um vinnutíma, að gerast einyrkjar og selja út vinnu sína eða að gerast þjálfarar eða sinna fræðslustörfum.

Löggjöf, sem er upprunnin hjá Evrópusambandinu, bannar mismunun gegn eldra fólki. Mismunun er ekki einvörðungu mannréttindamál heldur er lækkandi fæðingartíðni í Evrópu farin að valda því að æ stærra hlutfall eldra fólks miðað við heildarfjölda íbúa er farin að leiða til skorts á vinnuafli og starfsþekkingu.

Viðeigandi starfsráðgjöf skiptir miklu máli varðandi það að hafa starfsmenn áfram í starfi, að geta aðstoðað þá varðandi áframhaldandi starfsferlisþróun þeirra, og við að styðja átak þeirra við að komast aftur inn á vinnumarkaðinn, eða átak við að komast inn á vinnumarkaðinn í fyrsta sinn síðar á ævinni. Mikilvægt er að hafa í huga að „eldra fólk“ er ekki einlitur hópur heldur er um að ræða mismunandi einstaklinga að því er varðar kyn, aldur, menntun, starfsreynslu, þjóðarbrot, heilsu, fjölskylduhagi og einstaklingsbundin einkenni. Þó svo fyrirkomulag starfsráðgjafar sé mismunandi verður að hafa hliðsjón af einstaklingsbundnum aðstæðum.

Þetta verkefni snýst þar af leiðandi um starfsþjálfun bæði að því er varðar sérstakar aðgerðir sem tekist er á hendur, svo og í formi almennra leiðbeininga, sem ráðgjafarþjónustur, atvinnurekendur og verkalyðsfélög sinna. Verkefninu er ætlað að aðstoða ráðgjafaraðila við að útvega sér þau tæki sem þeir þurfa á að halda til að geta sinnt starfi sínu.

Við erum að:

- Safna saman upplýsingum um þörf eldra fólks á ráðgjöf, fólks sem er ýmist atvinnulaust og óskar eftir því að komast aftur inn á vinnumarkaðinn eða eldri starfsmanna sem þurfa á skipulagningu og stuðningi að halda varðandi þróun starfsferils síns, svo og þeirra sem eru í starfi en eiga á hættu að ekki verði lengur þörf á starfskröftum þeirra eða að þeim verði sagt upp störfum.
- Safna saman upplýsingum um fyrirkomulag starfsráðgjafar eða aðferðafræði við slíka ráðgjöf sem notast er við t.d. í Finnlandi, Hollandi og Bretlandi.
- Leggja mat á viðkomandi fyrirkomulag og aðferðafræði.

- Aðlaga og endurskoða slík „módel“ í því skyni að hanna skilvirkara fyrirkomulag, gera þessi „módel“ eða viðkomandi fyrirkomulag aðgengilegt á mismunandi tungumálum: dönsku, ensku, frönsku, þýsku, ítölsku, íslensku, slóvakísku og spænsku.
- Prófa fyrirkomulagið hjá eldra fólki við mismunandi aðstæður, þ.á.m. á vinnustað.
- Taka saman þau viðbrögð og þá svörun sem fæst hjá móttakendum þjónustunnar í því skyni að geta lagt mat á og ef svo ber undir aðlagað fyrirkomulagið réttum aðstæðum.
- Síðan að birta öll gögn sem um ræðir á heimasíðu okkar.

Niðurstöðurnar verða síðan birtar í formi nýs fyrirkomulags um starfsráðgjöf eða nýtt „módel“ um aðferðarfræði til að halda eldra fólki í vinnu eða samhæfa það vinnumarkaðinum.